

Breyting á deiliskipulagi Áslands 3. áfanga

Breyting á deiliskipulagsskilmálum útg. 0.3 dags. 10.apríl 2007
fyrir húsgerð E1a við Brekkuás 27

Fyrir:

5.2 E1a - Einbýlishús.

Einbýlishús á tveimur hæðum, inngangur á efri hæð. Innan byggingarreits er heimilt að reisa einbýlishús á 2 hæðum ásamt innbyggðri bílgeymslu. Allar svalir og allar útbyggingar skulu vera innan byggingarreits. Bílgeymsla er ekki leyfð niðurgrafin í kjallara frá götu. Fjarlægð frá lóðamörkum við götu að bílgeymslu skal vera 7 metrar.

Byggingar skulu aðlagðar að legu lands eins og frekast er kostur. Nýtingarhlutfall má mest vera 0,45. Þannig verði t.d. einbýlishús á 670 m² lóð því ekki stærra en 300 m² brúttó að grunnfleti, þ.m.t. bílgeymsla/bílgeymslur. Ákvæði eru um hámarks mænishæð og veggshæð. Sjá skýringarmyndir.

Frágengið yfirborð við húsvegg skal ekki vera neðar en 50 sm undir uppgefinni plötuhæð og eru frávik frá því háð samþykki byggingarfulltrúa.

Hámarks nýtingarhlutfall er 0,45

Hámarks veggshæð til norðurs og austurs er 3,6 m yfir uppgefnum kóta aðkomuhæðar

Hámarks mænishæð er 4,8 m yfir uppgefnum kóta aðkomuhæðar

Eftir:

5.2 E1a - Einbýlishús.

Einbýlishús á tveimur hæðum, inngangur á efri hæð. Innan byggingarreits er heimilt að reisa einbýlishús á 2 hæðum ásamt innbyggðri bílgeymslu. Allar svalir og allar útbyggingar skulu vera innan byggingarreits. Bílgeymsla er ekki leyfð niðurgrafin í kjallara frá götu. Fjarlægð frá lóðamörkum við götu að bílgeymslu skal vera 7 metrar.

Byggingar skulu aðlagðar að legu lands eins og frekast er kostur. Nýtingarhlutfall má mest vera 0,45. Þannig verði t.d. einbýlishús á 670 m² lóð því ekki stærra en 300 m² brúttó að grunnfleti, þ.m.t. bílgeymsla/bílgeymslur. Ákvæði eru um hámarks mænishæð og veggshæð. Sjá skýringarmyndir.

Frágengið yfirborð við húsvegg skal ekki vera neðar en 50 sm undir uppgefinni plötuhæð og eru frávik frá því háð samþykki byggingarfulltrúa.

Hámarks nýtingarhlutfall er 0,56

Hámarks veggshæð til norðurs og austurs er 3,6 m yfir uppgefnum kóta aðkomuhæðar

Hámarks mænishæð er 4,8 m yfir uppgefnum kóta aðkomuhæðar

Dags. 6.6.2012